

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að leyfð verði hægri beygja úr Kirkjustræti norður Aðalstræti fyrir leigubíla, kl. 23:00 til 06:00.

Einnig hefur eftirfarandi verið ákveðið:

- | | |
|---|--|
| 1. Egilsgata – Snorrabraut | Stöðvunarskylda á Egilsgötu |
| 2. Langholtsvegur – Álfheimar | Stöðvunarskylda á Álfheima |
| 3. Grensásvegur – Sogavegur | Stöðvunarskylda á Sogaveg |
| 4. Háaleitisbraut – Lág múli | Stöðvunarskylda á Lág múla |
| 5. Grensásvegur – Ármúli | Stöðvunarskylda á Ármúla |
| 6. Hraunbær – Bæjarbraut | Stöðvunarskylda á Hraunbæ |
| 7. Grensásvegur – Heiðargerði | Miðeyjugat þrengt og stöðvunarsk.
á Heiðargerði |
| 8. Óðinsgata – Spítalastígur – Þórsgata | Biðskylda við Óðinsgötu |

Ákvörðun þessi tekur gildi 19. júní 1991.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 27. maí 1991.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að biðskylda verði sett á þvergötur Hálsabrautar, á Dragháls og Fossháls við Bitruháls, á Bitruháls við Grjótháls og á Hálsabraut við Hestháls.

Einnig var ákveðið að á Smiðjustíg sunnan Hverfisgötu verði aðeins leyfð hægri beygja austur Hverfisgötu.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 29. maí 1991.

Böðvar Bragason.